

LÖG

um breytingu á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með síðari breytingum (takmörkun kærheimildar).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 10. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.